Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 16.01.2020

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. janúar 2020 varðandi eftirfarandi mál.

**Kjalarnes, Esjumelar**
Lagt fram erindi deildarstjóra atvinnuþróunar f.h. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir að skipulagsfulltrúi vinni tillögu að deiliskipulagsbreytingu á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi með það að markmiði að þar verði útbúin lóð fyrir starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Einnig eru lagðir fram uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019.
*Samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Pírata og fulltrúum Samfylkingarinnar að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Pawel Bartoszek víkur af fundinum undir þessum lið.*

*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Samkvæmt kynningunni á að fella út 12 lóðir og gera að einni. Ekki var hægt að upplýsa á fundinum hvert er fermetraverðið á lóðum á Esjumelum sem eru ótrúlegar staðreyndir. Samkvæmt kosningastefnuskrá Viðreisnar á að selja Malbikunarstöðina Höfða og í meirihlutasáttmála meirihlutans kemur fram að til standi að selja fyrirtækið. Hér er því enn á ný verið að úthluta gæðum í formi borgarlands. Malbikunarstöð er ekki ¿flutt¿ ¿ hún er byggð upp á nýtt. Útsvarsgreiðendur sitja uppi með kostnaðinn og algjörlega óvíst hvort markaður sé fyrir malbikunarstöð að því verki loknu og þá líka hvort raunverð fáist fyrir þar sem fyrirtækið er á samkeppnismarkaði. Að auki er starfsemin mjög mengandi og hefur áhrif á lýðheilsu, ásýnd hverfisins, fráveitu og loft. Nær hefði verið að nota tækifærið til að leggja starfsemina niður því í dag er malbikunarstöðin landlaus, gömul og úrelt.*

*Sjálfstæðisflokkurinn bókar: Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka þá afstöðu að borgin eigi ekki að vera í samkeppnisrekstri á borð við Malbikunarstöð. Eðlilegast væri að setja þennan rekstur í söluferil áður en farið verður í kostnaðarsama flutninga í jaðar borgarsvæðisins.*

*Fulltrúar Pírata og Samfylkingarinnar gagnbóka: Það er fagnaðarefni að Malbikunarstöðin verði flutt frá ósum Elliðaá upp á iðnaðarsvæðið á Esjumelum. Flutningurinn er í samræmi við aðalskipulag. Samkvæmt lóðarvilyrði verður greitt fyrir byggingarrétt samkvæmt mati fasteignasala, að viðbættu gatnagerðargjaldi.*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: erindi deildarstjóra atvinnuþróunar f.h. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 5. september 2019 og uppdr. Landmótunar sf. dags. 22. október 2019.

**Frá:** Óli Örn Eiríksson <Oli.Orn.Eiriksson@reykjavik.is>
**Sent:** fimmtudagur, 5. september 2019 13:13
**Til:** USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
**Afrit:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>; Björn Axelsson <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; Ívar Örn Ívarsson <Ivar.Orn.Ivarsson@reykjavik.is>
**Efni:** Esjumelar - Malbikunarstöð - Ósk um deiliskipulagsbreytingu

Málsnúmer: R19070109

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara óskar undirritaður eftir því að skipulagsfulltrúi vinni tillögu að deiliskipulagsbreytingu á athafnasvæðinu við Esjumela með það markmið að þar verði útbúin lóð fyrir starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða.

Á fundi borgarráð þann 22 ágúst síðastliðinn var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 17. ágúst 2019, þar sem óskað var eftir því að borgarráð samþykkti lóðarvilyrði til Malbikunarstöðvarinnar Höfða á Esjumelum í Reykjavík, með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags. Erindið var samþykkt.

Hjálagt er tengill á umrætt erindi: Bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Virðingarfyllst,

Óli Örn Eiríksson,
Deildarstjóri Atvinnuþróunar
Head of Economic Development
___________________________________________
Reykjavíkurborg – skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
City of Reykjavík - Office of the Mayor and CEO
E-mail: Oli.Orn.Eiriksson@Reykjavik.is
Sími / Tel. +354 411 4122
GSM / Mobile +354 664 8916
www.reykjavik.is

______________________________________
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

